

Fagnaðarboði

En leitið fyrst ríkis
Hans og réttlætis, og
þá mun allt þetta
veitast yður að auki.

Hvítasunnudagurinn

Og er nú var kominn Hvítasunnudagurinn, voru þeir allir saman komnir á einn stað; og skyndilega varð gnýr af himni, eins og aðdynjanda sterkviðris, og fyllti allt húsið, sem þeir sátu í; og þeim birtust tungur, eins og af eldi væru, er kvísluðust og settust á einn og sérhvern þeirra; og þeir urðu allir fullir af Heilögum Anda og tóku að tala öðrum tungum, eins og Andinn gaf þeim að mæla. Post. 2. 1—4.

Og Pétur reis upp ásamt þeim ellefu, hóf upp rödd sína og ávarpaði þá: Þér Gyðingar og allir þér Jerúsalembúar, þetta sé yður vitanlegt, og ljáið eyru Orðum mínum; því að eigi eru þessir menn drukknir, svo sem þér ætlið, því að nú er þriðja stund dags; heldur er þetta það, sem sagt hefir verið fyrir Jóel spámann. Post. 2. 14—16.

Jesúm frá Nazaret, mann þann, er Guð sannaði fyrir yður með kraftaverkum og undrum og táknum, sem Guð lét Hann gjöra yðar á meðal, svo sem þér sjálfir vitið, — Hann hafið þér, er Hann var framseldur eftir fyrirhuguðu

ráði Guðs og fyrirvitund; neglt á kross með höndum vondra manna og tekið af lífi — Hann uppvakti Guð, er Hann létti af kvölum dauðans, því að ekki var það mögulegt, að Hann skyldi af honum haldinn verða. Post. 2. 22—24. Þegar Hann því nú er upphafinn með Guðs hægri hendi, og hefir af Föðurnum fengið fyrirheitið um Heilagan Anda, hefir Hann úthelt Honum, sem þér sjáið og heyrið. Post. 2. 33.

En Pétur sagði við þá: Gjörið iðrun og sérhver yðar láti skirast í Nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar, og þér munuð öðlast gjöf Heilags Anda; því að yður er ætlað fyrirheitið og hörnum yðar og öllum þeim, sem í fjarlægð eru — öllum þeim, sem Drottinn Guð vor kallar til sín. og með öðrum fleiri Orðum bar hann vitni, áminnti þá og sagði: Látið frelsast frá þessari rangsnúnu kynslóð. Þeir, sem þá veittu viðtöku Orði hans, voru skírðir, og á þeim degi bættust við hér um bil þrjú þúsund sálir. Post. 2. 38—41.

Sonur Guðs

Vitnisburður Föðurins um sinn Eingetin Son.

Og engillinn sagði við hana: Vertu óhrædd, María, því að þú hefir fundið náð hjá Guði. Og sjá, þú munt þunguð verða og fæða Son; og þú skalt láta Hann heita Jesúm. Hann mun verða mikill og verða kallaður Sonur hins Hæsta; Heilagur Andi mun koma yfir þig og kraftur hins Hæsta mun yfirskyggja þig, fyrir því mun og það sem fæðist, verða kallað heilagt, Sonur Guðs. Lúk. 1, 30.—32, 35.

Allt frá því að Guð sagði: Verði ljós! Þegar Hann hafði skapað heiminn, og til komu Drottins, við opinberun nýrrar sköpunar í Jesú Kristi, talar Guð um og boðar komu hins sanna ljóss í heiminn.

Guð greindi ljósið frá myrkrinu, og gjörði sjálfan sig kunnan mönnunum, með því að gefa þeim boðorð sín og lögmál, svo þeir mættu verða Honum líkir að vizku, speki, þekkingu, fegurð og dýrð, mætti, valdi og krafti Guðs Anda. Verða uppfræddir af Orði Sannleikans og vera fullkomlega frjálsir, svo vanþekkingarmyrkrið hyrfi úr hugum þeirra, þar sem þeir voru Guðs synir.

Þannig vildi Guð frá upphafi fræða börnin sín, halda áfram að skapa manninn andlega, auðga og leiða til hinnar æðstu vegsemdar.

Þrátt fyrir syndafallið, hætti Guð ekki við það, sem Hann hafði ákveðið, er Hann sagði: „Vér viljum gjöra menn eftir vorri mynd, líka oss“. Með því að láta ljós sinna Heilögu Orða lýsa til mannanna seint og snemma, heldur Hann sínu sköpunarverki áfram, enn í dag í nýrri sköpun.

Hann talaði við Nóa þegar allt hold hafði spilt vegum sínum á jörðunni, og enginn sinni frammar boðorðum Guðs. Hann fyrirbjó hinum réttlátu fullkomið frelsi og hélt miskunarverki sínu áfram, eins og Hann hafði fyrirheitið, að sæði konunnar skyldi merja höggormsins höfuð. Hann gjörði Móse vegu sína kunna, og fól honum að leiða sinn frumget-

inn son Ísrael út af Egyptalandi. Hann talaði til feðranna Abrahams, Ísaks og Jakobs og allra spámannanna. Hann gaf sinni útvöldu þjóð hin mikilvægustu fyrirheit, allt þar til að hið sanna ljós kom í heiminn, til að upplýsa hvern mann um kærleika Föðurins á himnum, svo að þeir sem sitja í skugga dauðans og búa í landi náttmyrkranna, mættu sjá mikið ljós.

Nú er hið sanna ljós komið í heiminn, þar sem Guðs Sonur hefir stigið niður af himni, og klæðst mannlegu holdi og gjörst mönnum líkur, til þess að flytja oss hinn mikla Fagnaðarboðskap frá Guði, á mannlegu máli, svo að oss þurfi ekki að vera ókunnugt um náð Guðs og dásemdarverk, er Hann hefur fyrirbúið sínum börnum.

Hann kom sem hinn fyrirheitni Immanuel, til þess að ganga með oss mannanna börnum, og gjöra oss kunnan Guðs veg til hjálpræðis. Þar sem við vorum holdlegir menn og áttum svo erfitt með að heyra og skilja það, sem Andans er, og vorum því svo fjarlægir Guði, því Guð er Andi, en í Jesú Kristi hefir Hann birst í holdi, og þannig auðsýnt oss elsku sína og vægðarsemi. Þar sem Hann talar nú ekki frammar til vor í ráðgátum og líkingum. Heldur gerir oss kunnan allan sannleikann, sem opinberar oss, hina fullkomnu náð Guðs í Jesú Kristi.

Allir hinir heilögu vitna um Soninn, sem Guð hefir sett erfingja allra hluta, og Hann líka hefir gjört heimana fyrir.

Við fæðingu Hans, vitnuðu hersveitir himnanna um Hann og vegaðu Guð fyrir Hann. Spámennirnir tala um Soninn og vitna um Hans dýrð, náð og fórn.

Öll verk Sonarins vitna um Hann, þar sem Hann gekk um kring, gjörði gott og græddi alla, sem af djöflinum voru undirokaðir.

„Blindir fá sýn og haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra, og dauðir upprisa og fátækum er boðað Fagnaðarerindi“. Matt. 11, 5.

Hver er þá þessi, að bæði vindur og vatn hlýða Honum? Mark. 4, 41.

Einar Einarsson.

Orð lífsins

Það Orð er satt, og í alla staði þess vert, að við því sé tekið, að Kristur Jesús kom í heiminn til að frelsa synduga menn, og er ég þeirra fremstur. 1. Tim. 1, 15.

Átt þú fyrirgefningu syndanna og eilíft líf fyrir blóð Krists?

Þetta er mál sem kemur öllum við, það flytur öllum annaðhvort líf eða dóm.

Allir eru að leitast við að gjöra framtíð sína örugga, hér í tímanlegum efnum, þótt þeir viti, að þeir eiga ekki ráð á morgundegnum.

Guðs Orð segir: Heimskingi, á þessari nóttu verður sál þín af þér heimtuð, og hver fær þá það, sem þú hefir aflað? Svo fer þeim, er safnar sér fé og er ekki rikur hjá Guði. Lúk. 12, 20.—21.

Ekki er hægt að hafa neitt með sér, af því, sem heiminum heyrir til.

Jesús segir: Eitt er nauðsynlegt.

Það er að velja góða hlutann.

Það er nauðsynlegt að eignast fullvissuna, um fyrirgefningu syndanna, fyrir blóð Krists úthelt á krossinum.

Fullvissan fæst með því, að játa syndirnar og biðja um fyrirgefningu og trú á Orði Drottins er segir: Engann þann sem til mín kemur mun ég burtu reka.

Sjáum ræningjann á krossinum, í dauðans angist og skelfingu. Hrópið frá hans brestandi hjarta var: Jesú minnst þú mín, þegar þú kemur í konungsdýrð þinni! Lúk. 23, 42. Það stóð ekki á svarinu hjá Jesú. Sannlega segi ég þér: í dag skaltu vera með mér í Paradis. Lúk. 23, 43.

Eða tollheimtumaðurinn, hann hrópaði: Guð, vertu mér syndugum líknsamur! Lúk. 18, 13. Hann fór réttlættur heim til sín.

Hrópa þú til Drottins og Hann mun bænheyra þig, því Hann hefur sjálfur sagt biðjið og yður mun gefast; leitið, og þér munuð finna; knýjið á, og fyrir yður mun upplök-

ið verða; því að hver sá öðlast sem biður, og sá finnur, er leitar, og fyrir þeim mun upplokið, sem á knýr. Lúk. 11, 9—10.

Þetta er fagnaðarboðskapurinn. Orð eilífa lífsins, sem óhætt er að treysta og veita oss þekkingu á hinum eina sanna Guði og þeim sem Hann sendi Jesúm Kristi.

Lofað sé Drottins heilaga Nafn.

Grasið fölnar, blómin blikna.
Brátt til jarðar falla hljótt.
Eins mun holdið hreikna kikna,
hallar degi kemur nótt.
Teigum bikar blóðsins mikla,
blessun veitir líf og þrótt.

Hallelúja Hann er fyrstur,
Herrans lýður fagna má.
Gangið út nú kallar Kristur
komið skoðið laun að fá.
Réttlætis í skróða skykkju
skal Hans brúðir sigri ná.

Gangið inn og eignist ríkið,
eilífið frá, sem búið er.
Ástvinir mins Föðurs, flýtið
friðar kveðjan, heyrði þér!
Mér til hægri handar setjist.
Hæðstum Drottni vegsemd ber.

. Halldóra Einarsdóttir.

FAGNAÐARBOÐI

er gefinn út af Sjálfseignarstofnuninni
Austurgötu 6, Hafnarfirði.

Heimili til boðunar Fagnaðarerindis í
náð Drottins Jesú Krists.

Tilgangurinn er, að blaðið flytji hinn
heilnæma fagnaðarboðskap, um náðar og
kærleiksverk Guðs, í Drottni Jesú Kristi
Frelsara vorum. Sem kom í heiminn til
að frelsa synduga menn, með því að
liða þjáningar og þislardauða, og gefa
sitt saklausa sáttmálablóð á krossinum
í lausnargjald og friðþægingarfórn okkar
vegna.

Hvað lest þú?

Ég er fæddur og uppalinn í sveit, og var þar þá siður að allir sem gátu voru látnir fara til sjós á veturna. Ég var seytján ára þegar ég fór í fyrsta sinn til sjóróðra. Ég man þegar mamma var að taka til fötin mín að hún vætti þau flest í tárum sínum. Ég skildi það ekki þá eins og ég skil það nú, hvað hún leið yfir að ég og bróðir minn fórum til sjós, sem við bræðurnir gerðum í nokkur ár.

Þegar ég kvaddi mömmu í fyrsta sinn, sagði hún við mig, að það væri siður þegar væri farið á sjó, að lesa sjóferða bæn, en ég veit að þú kannt enga sérstaka sjóferðabæn, en mundu að lesa einhverja góða bæn og fela þig Guði.

Svo þegar ég kom heim um vorið og var háttadur um kvöldið kom mamma til mín og spurði mig: „Hvað lastu þegar þú fórst á sjóinn.“ Ég sagði henni að ég hefði lesið signinguna og Faðir vorið, og fann ég að henni líkaði það vel, og það létti af henni miklum áhyggjum.

Ég fór nú að verða svo stór með mig og hugsaði ekki um að líf og heilsa er gefið fyrir náð Drottins. Ég hætti að lesa bænir og hugsa yfirleitt um Guðs vegu, í mörg ár. Ég þjáðist í synd og af synd, en Guð var sá hinn sami. Hann var miskunsamur og ég hef fengið að heyra, sjá og þreifa á almætti Drottins.

Ég sem las ekki Guðs Orð í mörg ár, hef gengið Guði á hönd og má hvern einasta dag eta og drekka við náðarborð Drottins. Ég hef fundið þar hinn himneska frið fyrir Nafn Jesú Krists og ég veit að Hann er minn Frelsi. Hann hefir keypt mig með blóði sínu frá syndinni.

Ég les nú söguna um Jesú, þá einustu sögu, sem allir ættu að lesa og læra. Þú sem sérð þessar línur, lest þú söguna um Jesú? Ef ekki, þá skipt um skjótt, því tíminn er naumur.

Endurkoma Jesú Krists er fyrir dyrum til

að vitja sinna. Guð gefi öllum náð til að vera í fylgdinni með Jesú, fagna og gleðjast yfir endurkomu Hans.

Í dag við skulum skipta um skjótt, skal synd á flóttu rekin.

Hver veit nema sé nú í nótt

náðin í burtu tekin? H. P.

Frimann Ingvarsson.

Hefir þú séð?

Hefir þú séð, að Jesús Kristur kom í heiminn til að veita þér eilíft líf?

Hefir þú séð Hann samkvæmt Ritningunum, hangandi á krossinum, til þess að afmá heift dauðans? Svo að þú og ég, ættum hlutdeild í Guðlegu eðli, fyrir trúna á Soninn, sem hefur búið öllum sem á Hann trúa, eilíft réttlæti. Með endurfæðingunni gefst það.

Ef maðurinn fæðist ekki af vatni og Anda, getur hann ekki komist inn í Guðsríkið. Jóh. 3, 5.

Eftir ráðsályktun sjálfs sin fæddi Hann oss með sannleiksorði, til þess að vér skyldum vera nokkurs konar frumgróði skepna Hans. Jak. 1, 18.

Hefir þú heyrt?

Hefir þú heyrt að Jesús Kristur býður þér til heilagrar samvistar við sig, með endurlausninni, er Hann hefir búið þér með fyrirgefningu syndanna.

Þigg samvistina. Meðtak hans frið í dag. Hans eilífi friðarfaðmur stendur þér opin. Þegar þú ert þangað kominn, mun Hann segja þér, hvað þú átt að gjöra, því Hann kom í heiminn, sem ljós heimsins, til að upplýsa hvern mann.

Ef við tökum manna vitnisburð gildan, þá

er Guðs vitnisburður meiri, því að þetta er vitnisburður Guðs, að Hann hefur vitnað um Son sinn. 1. br. Jóh. 5, 9.

Hefir þú þreifað á?

Jesús Kristur er áþreifanlegur öllum sem trúa.

Hafa hendur þínar ekki oft þreifað á miskunn Guðs, þegar þú hefir hrópað til Hans af öllu hjarta þínu?

Hefir þú ekki þreifað á, að þegar hjarta þitt var óhuggandi af skelfingu og harmi veraldarinnar og enginn mannleg hjálp gat veitt þér nokkra huggun, því allt var ómögulegt í hjarta þínu. Öll ráðin og mörgu orðin dugðu ekki. Tárin runnu niður kinnar þínar óstöðvandi, en þegar Jesú Orð, lindin frá Honum barst að hjarta þínu, með elsku kærleikans og hjarta þitt örþreytt drakk Orð Hans, svo nýtt líf færðist inn í hjartað með alla möguleikana. Hrygðar og beiskjutárin breyttust áþreifanlega í friðarsælu öruggleikans. Allt var og er áunnið í Hans Föður umhyggju, sem aldrei brugðist getur.

Þá er um að gera að missa ekki af hinni áþreifanlegu huggun, er Guðs óendanlega miskunn umvefur þig.

Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir. Heb. 13, 8.

Guðrún Jónsdóttir.

Almennar samkomur

boðun Fagnaðarerindisins

Austurgötu 6, Hafnarfirði.

Sunnudaga		kl. 2 og 8 e. h.
Þriðjudaga		“ 8
Fimmtudaga		“ 8
Laugardaga		“ 8

Hann dó svo að ég yrði frjáls

Og Hann steig út í bát og fór yfir um og kom í sína eigin borg. Og sjá, menn færðu til Hans lama mann, sem lá í rekkju; og er Jesús sá trú þeirra, sagði Hann við lama manninn: Vertu hughraustur, barnið mitt, syndir þínar eru þér fyrirgefnar. Statt upp, tak rekkju þína og far heim til þín. Og hann stóð upp og fór heim til sín. Matt: 9, 1—2. 7.

Það er auðskilið af þessum Orðum Jesú, að það er syndin sem veldur veikindum. Fyrir Guðs náð er ég glaður yfir að geta vitnað um, að Jesús læknaði mig, þegar hann gaf mér náð til að falla fram á ásjónu mína og meðganga syndir mínar fyrir minum himneska Föður, og biðja Hann að fyrirgefa mér afbrotin. Þá læknuðust gömlu sárin mín án allrar umhugsunar af minni hendi. Lof sé Drottni.

Já, satt er það, að Guð vill ekki dauða syndugs manns öllu heldur að hann snúi sér og lifi. Einmitt þessi Orð Drottins töluðu til mín, þegar Heilagi Andinn opnaði hjarta mitt, og ég sá Jesú Krist pindan og krossfestan fyrir minar syndir.

Það var nýr boðskapur fyrir mig, að minar syndir orsökðu krossfestingu Krists. Eg var alltaf vanur að álasa Gyðingum fyrir að hafa líflátið Guðs Eingetna Soninn, en að það væri fyrirhugað að Jesús skyldi deyja til að frelsa heiminn, það vissi ég ekki. Það var boðun Fagnaðarerindis Jesús sem bjargaði mér.

Orð Drottins sannfærði mig um að Jesú hefði leyst mig undan valdi djöfulsins, og keypt mig í sátt við sinn himneska Föður. Þjónar Krists bentu mér á, að Jesú hefði komið til að leysa mig undan hans valdi. Þökk sé eilífum Jesú. Hann gaf mér náð til að trúa sínu blessaða Orði. Heiður sé Kristi á hæðum, Hann dó svo ég yrði frjáls.

Er ekki líkt ástatt fyrir þér lesari góður, eða átt þú Jesús?

Kristján Sveinsson,

Náðin Drottins Jesú sé með hinum heilögu

Guð gaf okkur náðina og sannleikann í Jesú Kristi Drottni vorum.

Sannleikurinn upplýsir hvern mann um kærleika Guðs, er Hann gaf og bjó í Kristi Jesú Frelsara vorum.

Náðin veitir oss óverðugum aðgang að Guði, með því að sannleikurinn upplýsir oss um hvað Guðs er, svo við megum fyrir Guðs náð eiga hlutdeild í verki Jesú Krists. Það er að lifa fyrir Hann.

Ef vér heyrum og vitum hvað Guðs Orð

hefur búið oss, og við sinnum því ekki, þá höfnum við náðinni, og Guðs kærleiksgjafir fá ekki rúm hjá oss. Máttur hins eilífa Guðs fær ekki opinberast. Útilokum Guðs verkandi náð frá oss.

Þegar vér heyrum Guðs Orð og það talar til hjartna vorra, þá er nauðsynlegt að höndla náðina.

Náðin Drottins vors er með hinum heilögu. Hinir geta ekki varðveitt náðina, því að þeir hafa ekki heyrt eða veitt neinu viðtöku til að varðveita.

En sælir eru þeir, sem heyra Guðs Orð og varðveita það. Lúk. 11, 28.

Ef þú heyrir náðarboðskap Jesú Krists, þá er það vilji Guðs að þú verðir heyrandi og gjörandi þess er Guðs Orð flytur þér. Verk Guðs í fullkomnum kærleika.

Það er eilíf náð að Jesús kom í heiminn, til að leysa oss frá syndum vorum, svo við tilheyrum ekki Satan, í synd, dauða og glötun. Það er sú náð sem frelsar, ef þú aðeins biður í Jesú Nafni.

Þegar náð Guðs knýr á hjartadyr þínar, þá mundu eftir að bjóða Lausnara þínum inn.

Sjá, ég stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun ég fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með mér. Opb. 3, 20.

Vegna Guðs náðar áttu aðgang að Jesú Kristi til þess að lifa Honum, og fyrir Hann, svo hvort þú ert inni í bæn til Guðs, eða við vinnu þína, þá mundu að allt stendur þér opið í elsku náðarinnar.

Þegar Ritningin sýnir okkur hvað við eigum að gjöra, en við gjörum það ekki, þá fær Guðs náð ekki að vera verkandi með oss.

Hinn rangláti haldi áfram að fremja ranglæti, hinn saurugi saurgi sig áfram. Þá er það af því að Guðs náð er hafnað.

En hinir, sem veita Guðs Orði viðtöku, til

Vörður Israels

Við kunnum vinir að kanna um sinn, en kunnum ekkert að skilja.

Oss knúði líknsami Lausnarinn, að leita að Föðurins vilja.

Því Vörður Israels vakir biður, Hann veit um hjörtun sem krjúpa niður, við finnum aðeins frið hjá þér.

En Drottinn er okkar eina vörn frá öllu óvinar veldi.

Hann þekkir varnarlaus viðkvæm börn sem vaða í reynslunnar eldi.

Hann gjörðist fátækur gekk um jörðu og glaður leitaði að sinni hjörðu, því Kærleiks-faðir einn Hann er.

En Drottinn elskar og Drottinn knýr til kærleiksmáltíðar sinnar.

Hvar friðarréttur er fenginn nýr í faðmi eilífðarinnar.

Þá Orðið Guðs er á allra tungu.

Af elsku tilreiðir hjörtun ungu, svo dýrð Hans missi engin af.

Lovisa Júlíusdóttir

að verða stöðugir í trú og réttlæti, þeir taka við vexti af Guðs náð.

Lofaður sé Guð og Faðir Drottins vors Jesú Krists, sem í himinhæðum hefur fyrir Krist blessað oss með hverskonar andlegri blessun, eins og Hann fyrir grundvöllun heimsins útvaldi oss í Honum, til þess að vér værum heilagir og lýtalausir fyrir Honum í kærleika. Hann ákvað fyrirfram að taka oss fyrir Jesúm Krist sér að sonum, samkvæmt velþóknun vilja síns, dýrðlegri náð sinni til vegsemdar. Náð lét Hann oss í té í hinum elskaða, en í Honum eigum við endurlausnina fyrir Hans blóð, fyrirgefning afbrotanna. Er það samkvæmt ríkdómi náðar hans. Efesus 1, 3—7.

Við mennirnir erum eins og blóm sem hefur náð vexti sínum; er nú búið að springa út, til þess að leggjast til vansæmdar. Þetta er útlit vort, því í dag vofir dauðinn yfir oss í syndinni.

Grasið visnar, blómin fölna, þegar Drottinn andar á þau. Sannlega, mennirnir eru gras: Grasið visnar, blómin fölna, en Orð Guðs vors stendur stöðugt eilíflega. Jes. 40, 7.

En í Kristi Jesú er burt tók syndir vorar og afmáði dauðann, er maðurinn vegsamlegur, því hann lifir í hlýðni við Krist. Og Hans kröftugi máttur birtist, sem Guð uppvakti Jesú í frá dauðum, svo vér lifum nú fyrir Guðs kraft í Kristi. Og hverskonar blessun Krists ríki með oss í náð og frið Guðs.

Maðurinn í syndinni, sem ekki hefur þegið endurlausnina, hann hefur ekki ennþá komið til að þiggja kraft upprisu Krists, því hann hefur ekki veitt Orði Guðs viðtöku til frelsunar.

Þegar við svo veitum Guðs náð viðtöku, þá leggjum við niður vegsemd dauðans sem er eins og grasið sem stendur í dag en á morgun í ofn kastað.

Mundu að Guðs Orð er sannleikur, og frelsar þig frá verkum Satans, sem er nógu slunginn til að gjöra sitt verk, blekkja þig með lýginni, að þú munir losna við syndina þegar þú ert kallaður burtu héðan, eða að verk þín séu svo góð frammi fyrir Guðs dýrð, að þú réttlætist af þeim án réttlætningar Jesú Krists.

Ef þú þurkar út réttlæti Jesú Krists þér til handa þá hafnar þú kærleika Guðs. Hafnaðu ekki náðinni og sannleikanum, sem kom fyrir Jesúm. Krist Guðs Eingetinn Son, sem á krossinum dó til að leysa oss synduga menn frá syndum vorum.

Dýrð sé hinum réttláta.

Blessað veri Jesú Nafn með öllum er Hans náð höndla.

Guðrún Jónsdóttir.

Vitnisburður

Veturinn 1937, lá ég sjúkur af taugagigt, sem ég var þá búinn að ganga vanheill af í 11 ár. Misjafnlega lamaður, en aldrei frískur, en seinnipart vetrarins við mjög illa líðan, notaði stöðugt deyfilyf og komst ekki í svefn á kvöldin án þeirra. Þar sem ég bjó í sveit og átti fénað varð konan mín oft að hafa skepnahirðinguna þó miklu verki væri að sinna í bænum, barnahópurinn stór og ég í rúminu.

En svo lánaði bróðir minn mér son sinn eftir því, sem hann gat, en átti óhægt með það vegna lasleika og svo var langt á milli okkar.

Um sumarmálin dreif ég mig upp úr rúminu að leita mér læknishjálpar. En þá fékk ég boðun Orðs Drottins, að það væri lifandi Sannleiksorð, sem á dögum hinna fyrstu postula. Og einnig var vitnað fyrir mér, af þeim, sem búnir voru að fá fulla heilsu fyrir kraft bænarinnar og náð Drottins Jesú, en höfðu verið dauðanum ofurseldir, fyrir allri mannlegri aðstoð og lækningu.

En veik var trú mín í fyrstu, að ég yrði þeirrar náðar aðnjótandi, að fá lækningu með kraftaverki. En Drottin hjálpaði vantrú minni, ég leitaði ekki annarar hjálpar og eftir 3 daga gat ég farið að vinna erfiðisvinnu. Síðan höfum við fengið að njóta þeirrar rikulegu blessunar, að öllum sjúkleika hefur verið af okkur létt, mér og minni fjölskyldu, þegar við höfum snúið okkur til Drottins Jesú og beðið

Pökk sé Guði!

Pökk sé Guði fyrir sina óumræðilegu gjöf.
II. Kor. 9. 15.

Eg hefi fundið náð fyrir augliti Drottins, dásamlega náð.

Hann hefir birst mér máttugur í Orði og verki, fyrirgefið mér syndirnar og læknað öll mín mein.

Já, Drottinn veitti mér náð, sem hafði ónýtt náð Drottins mér til handa í svo mörg ár. Eg gerði mér ekki grein fyrir öðru en að ég tileinkaði mér Jesús fullkomna frelsisverk. Eg vissi að hinar ýmislegu og annarlegu kenningar voru villukenningar, komnar frá óvini alls réttlætis. Með hverju útilokaði ég mig frá náð Guðs?

Með því að tileinka mér frelsisverkið, en koma ekki sem þurfandi syndari, játandi syndirnar til að öðlast syndanna fyrirgefning. Eg átti ekki játninguna, að Jesús hefði fyrirgefið mér syndirnar. Það var mér ljóst. Mér fannst ég geta sagt. Jesús er Frelsarinn. Þar af leiðandi var breytni mín þannig, ég gat farið á Guðspjónustu, síðan eitthvað af þeim skemmtunum sem heimurinn bauð upp á. Þannig var ástatt fyrir mér, er Orð Drottins gekk inn í hjarta mitt, í krafti og með sannfæringu. Eg sat á samkomu las Heilaga Ritningu Lúk. 18. er Jesús læknaði blindan manninn. Orðin urðu lifandi til mín, máttug og kröftug. Þau þrengdu sér inn með þá dýrðlegu opinberun að Jesús væri hinn sami til að gefa mér sjónina og þessum blindan manni.

Eg hafði mjög dauða sjón, og stöðuglega dofnaði hún. Það hafði hún gjört um það bil í 10 ár.

Þjón Hans um fyrirbæn. Það er ósk mín og bæn, að sem flestum mætti veitast sú náð að taka á móti boðun Orðs og kraftar Drottins, og þeim Sannleika að Jesús Kristur lifði og dó, til að burt taka syndir okkar og í krafti þeirrar trúar fær hinn sjúki lækningu.

*Tyrfingur Tyrfingsson,
Kálfholtshjáleigu.*

Herbertsprent prentaði.

Öll mín leit um lækningu byggðist ekki á Orði Drottins heldur að aldarhætti þessa heims.

Byggjandi á sannfærandi Orði Drottins Jesú fór ég til þjóns Drottins og bað um fyrirbæn, samkvæmt Orði Drottins Jesú til sinna lærisveina: Læknið sjúka.

Lofaður sé Drottinn. Hann heyrði og bænheyrði og gaf mér sjónina. Þetta var 1935. Frá þeirri stundu hef ég fyrir Drottins náð heilbrigða sjón. Hann endurfæddi mig svo ég með fullvissu á nú játninguna að Jesús hefir fyrirgefið mér syndirnar. Hann opnaði augu mín fyrir, að allt sem er ávinningur, friður, unaður, gleði, helgun og ávöxtur fæst aðeins í stöðugu samfélagi við Jesúm Krist, fyrir náð, með því að vera heyrandi og gjörandi Guðs Orðs.

Pökk sé Guði, sem veitti mér aðgang að opinberaðri elsku sinni í Jesú Kristi í frið og sælu í Heilögum Anda. Honum sem leiðir í allan sannleikann.

Vilborg Björnsdóttir.

1. árg. 1. tölubl. 1948.
Gefið út af Sjálfseignarstofnuninni
Austurgötu 6. Sími 9075. Hafnarfirði.
Ritnefnd: Einar Einarsson,
Frímann Ingvarsson,
Ögmundur Jónsson.

FAGNAÐARBOÐI

kemur út þrisvar á ári, 8 bls. Verð 1 kr. blaðið.

Þeir sem óska eftir að fá blaðið sent, sendi afgreiðslunni nöfn sín og heimilisfang.

Afgreiðsla: Austurgötu 6, Hafnarfirði Sími 9075.

Afgreiðsla blaðsins hefir til sölu:

Bibliur, Nýjatestamenti, Jóhannesar Guðspjöll sérprentuð með stóru lettri, Passíusálma, Helgisálma og Nótñasálma.